



Bókasafn föður míns

sálumessa



RAGNAR HELGI ÓLAFSSON

„Gat ekki hætt að lesa, byrjaði strax á henni aftur.“

SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR



BJARTUR | MMXVIII



„Einstaklega áhrifarík,
persónuleg og full af
húmor. Langt síðan ég
hef lesið jafn góða bók.“

STEFÁN BALDURSSON

„Þessi bók er nýstárleg
í forminu. Hef aldrei
lesið svona bók áður: full
af fegurð, rugli, söknuði,
dauða og uppreisnu. Sál-
messa um bókarformið
og föður skáldsins.

Sæluhrollur
og angurværð.“

RAGNAR KJARTANSSON

Áð föður sínum látnum þarf Ragnar Helgi
að fara í gegnum 4000 titla bókasafn
föður síns og finna því stað á 21. öldinni.
Þótt hann einsetji sér í upphafi að opna
ekki bækurnar og alls ekki fara að grúska,
fær hann ekki við það ráðið.

Við starfann kvikna minningar, hugleið-
ingar um bækur, menninguna, missi,
fallveldi hluta, um liðna tíð og framtíðina
– en ekki síður um samband föður og
sonar og hvað skipti mestu máli í lífinu
þegar upp er staðið.

Bókasafn föður míns er falleg, fyndin,
tregafull og ihugul frásögn um verð-
mætamat og tilfinningalíf sem í krafti
stílgaldurs og einlægni hefur djúp áhrif
á lesandann. Síðasta bók Ragnars Helga,
Handbók um minni og gleysku, vakti
mikla athygli og var tilnefnd til bæði
Íslensku bókmenntaverðlaunanna og
Menningarverðlauna DV.



ISBN 163 456 774 717



Ragnar Helgi Ólafsson er menntaður í heimspeki, myndlist og ritlist og hefur jafnhliða ritstörfum um árabíl starfað að sjónlistum. Þriðja bók Ragnars Helga, ljóðabókin Til hughreystingar þeim sem finna sig ekki í samtíma sínum hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar haustið 2015. Áður höfðu komið út skáldsagan Bréf frá Bútan (2013) og smásagnasafnið Fundur útvarpsráðs þann 14. mars 1984 og áhrif hans á kynverund drengsins og fleiri sögur (2015). Í fyrra fylgdi síðan Handbók um minni og gleymsku. Ragnar Helgi býr og starfar í Reykjavík.

BÓKASAFN FÖÐUR MÍNS

FYRRI BÆKUR HÖFUNDAR:

*Bréf frá Bútan:
Skáldsaga (2013)*

*Til hughreystingar þeim sem
finna sig ekki í samtíma sínum:
Lög og textar (2015)*

*Fundur útvarpsráðs þann 14. mars 1984
og áhrif hans á kynverund drengsins
og fleiri sögur (2015)*

*Ljóð daganna:
29. mars – 28. apríl 2014 (2016)*

*Handbók um minni og
gleymsku (2017)*

RAGNAR HELGI ÓLAFSSON

BÓKASAFN
FÖÐUR
MÍNS

Sálumessa (samfátningur)



BJARTUR | REYKJAVÍK | MMXVIII

Í minningu föður míns og afa

BÓKASAFN FÖÐUR MÍNS – *Sálumessa (samfátningur)*. 2. útgáfa (aukin og endurbætt) © Ragnar Helgi Ólafsson, 2018. Stytttri útgáfa þessarar bókar kom út hjá Tunglinu forlagi, 28. júní 2018. Útgefandi: Bjartur, Reykjavík 2018. Kápa, bókarhönnun og umbrot: Ragnar Helgi Ólafsson. Prentun: Scandbook. Öll réttindi áskilin. Mynd af höfund: Art Bicnick. Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda. DEWEY NR.: 813 (skáldverk) & 949.11 (þjóðlegur fróðleikur). ISBN 978-9935-500-26-7

„Í hvaða leit?“ spyr faðir minn.
„Að leita að mér,“ svaraði
draummaðurinn.[†]

Saga þessi er sönn.
Við vitum ekkert hvað öfl
eru hér að verki, hvaða sjónar-
spil er sett hér á svið. Ef til vill
er hér um löngu liðinn atburð
að ræða, endurtekna
kvikmynd.[‡]

[†] „Eftirminnileg atvik í svefni og vöku.“ Bls. 181.

[‡] „Skemmtiferðin 1920.“ Bls. 213.

EFNISYFIRLIT

I. HLUTI:	
<i>Sagnir um slysfarir í Skefilsstaða-</i> <i>hreppi á sjó og landi, 1800–1950</i>	9
II. HLUTI:	
<i>Sjálfævisaga Björns Eysteinsonar</i>	59
III. HLUTI:	
<i>Ræðuklúbbur Sauðárkróks 1894–1902</i>	91
IV. HLUTI:	
<i>Íslenzkar aldarfars lýsingar</i> <i>og Sagnablöð hin nýju</i>	119
V. HLUTI:	
<i>Minningar handan dauða og grafar</i>	137
VI. HLUTI:	
<i>Sálmur að leiðarlokum</i>	157
VII. EFTIRMÁLI:	
<i>Í dag skein sól</i>	173
VIII. BÓKASKRÁ	183
IX. NAFNASKRÁ	193

I. HLUTI:
SAGNIR UM SLYSFARIR
Í SKEFILSSTAÐAHREPPI
Á SJÓ OG LANDI,
1800–1950

Bókasafn föður míns telur ríflega fjögur þúsund bækur. Það er gróflega — og varlega — áætlað. Ég sló tölu á þær í morgun með því að telja hillurnar og margfalda síðan með meðalfjölda bóka í hillu. Bækurnar í geymslunni skildi ég útundan. Og líka hillustæðurnar og bókakassana í bílskúrnum. Já, og reyndar líka bindin og möppurnar á ganginum.

Ég sit í bókaherbergi föður míns. Eftir tæpa tvo mánuði flytur mamma í nýja íbúð. Hún getur ekki tekið með sér nema lítinn hluta af bókasafninu. Dagatalið sýnir 27. mars 2016. Það eru átta ár, uppá dag, síðan pabbi dó og nú bíður mín og bróður míns það verk að koma fjögur

þúsund bókum héðan út, koma þeim í verð, á réttan stað eða rangan — allavega *eiðhvert annað*.

Þetta eru fjórir veggir, þaktir bókum frá gólfi upp að lofti.

Ég hafði ætlað að afgreiða þetta á einni langri helgi. Nú hallast ég að því að þau plön hafi byggst á nokkru vanmati á umfangi þessa starfs.

*

„Vissir hlutir sem maður les um ævina, gera manni ljóst að maður hefur fram til þessa ekkert upplifað, ekkert skynjað og ekkert reynt. Ég sé það nú, flest það sem fyrir mig hefur komið, var líffræðilegt, vísindalegt.“ⁱ

*

Mér fallast hendur. Þetta verður mikið fyrirtæki. Til viðbótar er undarlega tregafullt að hugsa um handtökin sem bíða mín. Að líkindum er það samt ekki einvörðungu vegna þess að þetta er bókasafn föður míns. Mig grunar að það tengist ekki síður hinu, að þetta er bókasafn. Það eitt væri nægjanleg ástæða til að fá sér alltaf einn kaffibolla enn, áður en maður hefst handa.

Það er langt síðan faðir minn lést, og samt finnst mér — eins og öllum, alltaf — að líka sé skammur tími liðinn.

ⁱ *Unaðsreitur – gleðisögur*. Bls. 15.

Kannski líður mér eins og að nú, þegar ég þarf að fara í gegnum þetta safn, bíði mín að kveðja hann í annað sinn, eða kannski frekar: enn einu sinni. Sömuleiðis er annað skýrt fyrir mér: Ég er að kveðja bókina sem hugtak og sem hlut. Þegar þessar bækur komu inn í þetta herbergi voru þær stærri en þær eru núna, þær voru hreinlega annars konar hlutur, samband þeirra við lesandann, heiminn, samtímann og menninguna var annað en það er nú. Þar skiptir engu hvert efni bókarinnar er, hver höfundurinn er, hvort bandið er vandað eða ekki. Þetta gildir um bækur almennt.

*

„Það merkilegasta við þennan atburð þótti vera það, að Janus heitinn skyldi birtast ömmu minni strax eftir dauða sinn og hafa meðferðis muni þá, er voru frá henni í fyrstu. Mátti skilja það svo sem hann hefði viljað, að þeir gengju til hennar aftur, þar eð hann sjálfur hafði þeirra ekki lengur not.“ⁱⁱ

*

Kannski eru bókasöfn úrelt. Kannski þarf fólk ekki að eiga bækur, geisladiska, bíómyndir eða aðra sambærilega hluti nú um stundir. Tónlistin er geymd á netinu, í

ⁱⁱ „*Svipur Janusar: Handrit Ólafs Danielssonar, bónda að Hurðarbaki.*“ Birt í *Borgfirzka blanda* I. Bls. 151.

skýjum, sem reyndar eru gerð úr blýþungum og steinhörðum tölvusamstæðum í útlöndum þvert á það sem dúnmyktin og léttleikinn í nafninu bendir til. Hvaða tónverk sem er má hlusta á í gegnum netið. Með nýrri tækni eru tónlist, textar, myndir, öll vitneskja jafnvel, innan seilingar. Er það annars ekki undirliggjandi tilfinning samtímans, næstum því krafa: að allt (jafnvel fólk) sé alls staðar, alltaf?

Þegar lagalisti eða plata klárast á tónlistarstreymi-
isveitu tekur sjálfvirkur algóríþmi við og spilar lög í svipuðum dúr fyrir mann, finnur önnur stök úr sama mengi og það sem maður hefur nýlega hlustað á. Stökin og mengin skilgreinast af flokkunarkerfi forritsins. Þetta eru sjaldnast mjög óvæntar uppástungur, örsjaldan áhugaverðar. Efnisveiturnar láta sér ekki nægja að stinga upp á tónlist eða myndefni út frá þessari greiningu sinni á okkur sem nota þær því núorðið framleiða þær sjálfar meira að segja efni til að svara eigin algóríþma. Önnur hver þeirra sjónvarpsþáttaraða sem runnið hafa sitt skeið á enda einhvern tímann síðustu áratuginu hefur nú verið endurvakin. Forritið þarf ekki að stinga upp á „líku efni“ heldur getur það hreinlega boðið manni meira af því nákvæmlega sama. Nýir þættir, sama efnið, fullkomin svörun.

Leiðsögnin sem slíkur algóríþmi býður uppá er í grundvallaratriðum ólíkur þeirri gjörð að vafra um bóka-

safn, villast og tína bók úr hillu út í loftið, fletta og rekast á eitthvað algerlega óvænt, fáránlegt; rekast á stak úr mengi sem einmitt er ekki mengi manns sjálfs, eitthvað sem einmitt er alsendis ólíkt því sem maður las í dag eða gær:

„Þjóðsagan segir að Vigfús hafi á yngri árum verið það djarftækur til kvenna að hann hafi verið dæmdur fyrir þær sakir í þá refsingu að mega ekki ganga uppréttur á mannamótum, heldur yrði hann að skríða fyrir hverjum manni. Ekki er vitað til að annar Íslendingur hafi verið dæmdur slíkum dómi. En af þessum sökum var hann kallaður Skriðu-Fúsi. Það er nokkuð augljóst, að sökum þessara áлага hefur Fúsi lítt haldið sig í fjölmenni.“ⁱⁱⁱ

*

Breytingar svipaðar þeim sem orðið hafa í tónlistarheiminum á síðustu árum munu örugglega verða á umhverfi og stöðu bókarinnar á þeim næstu. Um bækur mun líklega gilda það sama og um tónlist og um tónlist gildir það sama og um fjölskyldualbúmin: Það er nóg að vita að myndirnar séu til „einhvers staðar,“ séu fræðilega „ínáanlegar“ Hvort þær eru ofan í kassa í geymslunni eða í skýi úti í heimi, það skiptir ekki máli. Líklega þætti flestum óbætanlegur skaði ef myndirnar yrðu vatni eða

ⁱⁱⁱ „Skriðu-Fúsi.“ Birt í *Borgfirzka blanda* I. Bls. 157–158.



eldi að bráð. En fæstir gramsa samt oft í myndakassanum sínum. Enda muna margir ekki hvar hann nákvæmlega er staðsettur. Ef þeir muna þá eftir tilvist hans yfir höfuð.

*

„Bókalestur og bókasöfnun eru þungur baggi á klökkum.“^{iv}

„Klakkur, -s, -ar. kk. 1). standur á klyfbera sem bagginn er hengdur á. Sbr. Klyfbera-, flytja e-ð á klökkum.“^v

*

Hvað um það. Ég verð að finna lausn á því hvernig ég losa okkur við þetta bókasafn. Sú lausn ætti að vera afgerandi og hugmyndafræðilega afdráttarlaus. Hreinar línur. Það er markmiðið.

^{iv} Bækur og bókamenn. Bls. 11.

^v Íslensk orðabók. (Útg. 1997). Bls. 501.

Ég tel í mig kjark; minni mig á að það sé nú ekki eins og ég sé að biðja fjall að færa sig um set eða kenna grjóti að svífa um himinhvolfin. Þetta eru á endanum bara nokkrar bækur sem þarf að losa hédan út. Þótt þær séu reyndar kannski örlítið fleiri en nokkrar.

Ég legg höfuðið í bleyti.

Byrja á því að fá mér kaffibolla, glugga í bók af handa-hófi.

*

„Snemma á átjándu öld var unglingsmaður á Iðu í Skálholtssókn, sem Hinrik Hinriksson hét. Hann var frábær að hagleik og hugviti. Hann reyndi að búa sér til flugham, og voru vængirnir úr fuglavængjum. Honum tókst þetta svo vel, að hann gat hafið sig á lopt í hamnum og flogið spölkorn. En jafnvæginu átti hann örðugast með að halda: höfuðið vildi niður, en fæturnir upp. Samt áræddi hann að fljúga yfir Hvítá á Skálholtshamri — þar er áin örmjó — og tókst honum það. Nú fundu menn sér skylt að stemma stigu fyrir ofdirfsku hans, og var hamurinn tekinn af honum og eyðilagður en honum harðbannað að búa til annan enda dó hann litlu síðar.“^{vi}

*

^{vi} Þessa frásögn skrifaði ég upp úr bók þegar ég var að garfa í bókasafninu um daginn en nóteraði ekki hjá mér heimildina. Mér hefur ekki lánast að finna þennan texta aftur til að sannreyna úr hvaða bók hann kemur.

Sama hvað ég skanna kilina; hér er engin bók um bókasafnið í Alexandríu. Bókasöfn vilja kannski síður velta fyrir sér sínu eigin fallveldi.

Í einhverju bindinu hérna í bókasafni föður míns er samt sem áður mynd af því bókasafni, það man ég vel. Veit bara ekki hvar nákvæmlega hún leynist. Þetta er koparstunga, líklega frá ofanverðri nítjándu öld eða öndverðri þeirri tuttugustu, ef tekið er mið af stílnum. Þessi mynd er sem þrykkt í huga minn. Ég gæti teiknað hana upp eftir minni, svo nákvæmlega að erfitt yrði að þekkja frá frummyndinni, hvar sem hún nú er. Af myndinni að dæma stóð safnið við hafnarbakkann enda fór þeim sögum af bókavörðum í Alexandríu að þeir létu tollmeistara sína þaulleita í öllum kaupskipum sem til hafnarinnar komu. Hvað sem fannst af bókmeti — rullur, skrollur eða handrit — allt var tekið eignarnámi af yfirvöldum og fært til skrifara safnsins. Ef eigendurnir voru lánsamir fengu þeir afrit af verkinu þegar þeir sigldu úr höfn. Frumritin urðu hins vegar eftir í þessu mesta bókasafni heimsins.

Bókasafnið í Alexandríu var sannarlega eitt af undrum veraldar. Á koparstungunni stendur það í ljósum logum, eldtungurnar rísa eins og brotsjór upp úr húsinu. Tveir þriðju hlutar myndarinnar eru helgaðir eldtungunum og reykjarbólstrum. Neðst hlaupa agnarlitlir bókaverðirnir um í æði, fórna höndum, örvita af

harmi. Hermenn Sesars standa hjá með reidd spjót á meðan milljón ómetanlegra rullna fuðra upp.

Plútark heldur því fram að bruninn hafi verið slys. Það er svo sem ekki ólíklegt. Það er svo óskiljanleg athöfn að brenna svona bókasafn, að maður á bágð með að trúa að nokkur geri slíkt viljandi. En hvort heldur sem var, slys eða viljaverk — niðurstaðan er sú sama.

Sagt er að bókasafnið hafi til að mynda geymt níu bindi af skáldskap Saffóar frá Lesbos. Eitt heildstætt ljóð (og það þó með eyðum), stakar hendingar og nokkur brot úr línunum, sum varla nema eitt eða tvö orð, það er allt og sumt sem ratað hefur í hendur okkar af verkum Saffóar. Bindin níu brunnu til ösku.

Mér hefur síðan ég var barn fundist bruninn í Alexandríu vera sorglegasti atburður mannkynssögunnar. „Öll vitneskjan og fegurðin sem þar tapaðist, hún verður aldrei heimt aftur. Skelfilegt,“ hugsaði ég.

Miðað við allar hörmungarnar sem gengið hafa yfir þennan táradal í gegnum árþúsundin verður eiginlega að viðurkennast að það að syrgja sárast þessar papýrusrullur í Alexandríu lýsir í raun ansi sérstöku gildismati.

*

„Presthús á Akranesi. Síðustu bæjarhúsin þar. Búið í þeim til 1937. Jöfnuð við jörðu 1947. Teiknað eftir minni.“^{vii}

^{vii} *Borgfirzka blanda III*. Myndatexti á myndaörk, nærri bls. 33.

Ég byrja á hillunum næst glugganum. Hér kennir ýmissa grasa. Margar bókanna eru frá árabílinu 1940–1980, sýnist mér. Einhver slatti er frá 18. öld en líka margt frá fyrri hluta 20. aldarinnar. Megnið af bókunum frá árunum 1980–2000, þegar pabbi og mamma ráku sína eigin bókaútgáfu, eru í hillum í bílskúrnum. Af hverju ætli það sé?

Í bókaherberginu eru líka nokkur handrit, meðal annars safnrit bónda úr Húnavatnssýslu, ritað með hans eigin hendi og fallega bundið í leður (seinni tíma verk). Í þetta kver hefur bóndinn skrifað upp, líklega eftir bókum sem hann hefur fengið að láni, fjórar Íslendingasögur, nokkra þætti og þrjár fornaldarsögur. Þetta er ekkert smárit: átta sentimetrar á þykkt. „Einhvers konar ævi-starf,“ hugsa ég. Mögulega hefur það verið eina leiðin fyrir þennan bónda, sem svo mjög langaði að hafa við höndina sitt eigið privat eintak af þessu allra nauðsynlegasta lesefni, að skrifa það upp sjálfur. Að eignast Íslendingasögur á prenti, hefur án efa verið utan fjárráða bænda í Húnavatnssýslum þess tíma. Neðst á handskrifuðu og fagurlega skreyttu titilblaði stendur: 1884.

Þau eru mörg orðin þarna í átta sentimetra þykkri bókarblokk bóndans. Ég efast ekki um að hann hafi trúað að orðin hefðu mátt. Þeirri trú deildi hann með konunum og mönnunum í Íslendingasögunum sem hann skrifaði upp. Formælingar, áhrínisorð, ákvæðaskáld, allt



voru þetta orð sem bóndinn vissi í þaula hvað þýddu. Fornmenn íslenskir trúðu að orðin hefðu áhrifavald. Þeir voru enda margir orðvarir. Kraftaskáld áttu samkvæmt þjóðtrúnni að geta með vel völdum áhrínisorðum beygt jafnvel lögmál náttúrunnar. Galdrar eru nátengdir orðum og skrift: Bók-stafur, galdra-stafur. Enda gerist auðvitað eitthvað ósýnilegt og jafnvel dularfullt þegar texti er lesinn. Breytingin takmarkast venjulega við huga lesandans en þar breytist sannarlega eitthvað þótt smávægilegt sé, hugmynd verður til, taugafruma myndar nýja tengingu: Orð hefur áhrif á efni.

Af föður mínum lærði ég að fletta í orðabókum, finna nákvæmt orð, leita að „réttu orðinu“. Kannski tengist það því að ég var myrkfælinn sem barn, en allavega hef ég

alltaf verið var um mig þegar að sumum orðum kemur. Þegar pabbi byrjaði að veikjast talaði ég því gætilega. Meira segja eftir að hann hafði verið greindur og sjúkdómurinn hafði fengið sitt vísindalega rétta nafn skrifað upp í sjúrnal á sjúkrahúsi, þá notaði ég það ekki lengi vel. Meira að segja þegar vinir pabba grennsluðust fyrir um líðan hans þegar ég hitti þá á götu þá talaði ég í kringum nákvæma sjúkdómsgreininguna og fagheitið. Undir niðri held ég að ég hafi trúað því að þangað til ég notaði þetta orð, segði það upphátt, þá væri merking þess ekki að fullu orðin að veruleika, að þangað til ég notaði þetta „réttu nafn“ þá væri ekkert skrifað, ekkert væri óumflýjanlegt og öllu væri hægt að breyta.

*

„Reykjavík 29. júlí 2006.

Elsku.“mín.

Þegar þú fórst að tala missti ég málið.“^{viii}

*

Hér, í neðstu hillunni, er Alfræðisafn AB, átta bækur, í stóru broti í lit og með myndum sem eru prentaðar með svo grófu neti að það má telja litapunktana, eins og í málverki eftir Seurat eða einhvern pointillista frá nítjándu

^{viii} Ólafur Ragnarsson: *Bréf til Unu*. Ónúmeraðar síður.

öldinni. Litlu skýringamyndirnar eru ekki síður flottar: Draumtákn Freuds myndgerð í stíl sjöunda áratugarins, rotta í búi útskýrir skilyrt viðbragð.


Orkan, Mannshugurinn, Skipin, Hreysti og sjúkdómar, Hjólið og Reikistjörnurnar eru hér. En ég finn ekki þá sem ég leita að: *Sólin*. Var hún ekki í þessum flokki eftir allt? Hefur hún týnst? Var hún kannski hluti af Fjölræðisafni Fjölva?

Líklega er fyrir bestu að hún sé glötuð, því þetta er hættuleg bók; bók af þeirri tegund sem ég veit núna að ætti að geymast í efstu hillum, við hliðina á *Unaðsreit* Anaïs Nin og hennar líkum: Geymist þar sem börn ná ekki til.

Þessi bók, *Sólin*, hafði djúp áhrif á líf mitt því í henni las ég fyrst um kulnun sólar.

Um níu ára aldurinn sá ég amerískan heimildarþátt í sjónvarpinu um alheiminn. Yfir myndina las ónefndur „þýðandi og þulur“. Hann flutti textann áherslulítið en af þungri alvöru, með hrynjandi af þeirri tegund sem nú heyrir helst í *Dánarfregnum og jarðarförum* (er sá dagskrárliður annars ekki enn á dagskrá Rásar eitt?). Skraufpurr röddin minntist á eitthvað sem nefnt var „kulnun sólar“ — þess minnst ég. Eftir á að hyggja var tónninn í röddinni því líkast til hárréttur.^{ix}

^{ix} Einn prófarkalesara þessarar bókar (Á.J.) telur fullvíst að sjónvarps-



Þetta var um vor, svo þegar ég kom heim úr skól-
 anum daginn eftir settist ég
 í brúna leðursófann í stof-
 unni sem sólin baðaði frá há-
 degi í síðvetrarljósi, þessari
 birtu sem gerir agnirnar
 í loftinu sýnilegar; þessar
 agnir sem alltaf eru í loftinu

en börn sjá af einhverjum orsökum betur en aðrir. Sóf-
 inn var þess vegna alltaf þægilega hlýr síðdegis eftir sól-
 bökunina. Ég lá í sófanum og fletti þessu upp í *Sólinni*, úr
 Fjölræði AB eða Fjölva. Niðurstaðan var eftirfarandi: Að
 endingu mun sólin nýta upp allan vetnisforða sinn. Þetta
 er óumflýjanlegt. Hún verður sem sagt eldsneytislaus, en
 áður en hún deyr út mun hún þenjast út í vítiseldsskýi og
 grilla allar reikistjörnur sem næstar henni eru. Þetta er
 óumflýjanlegt. Örlög jarðarinnar eru því, að sama skapi,
 ráðin: Jörðin lýkur ævi sinni sem sótsvört, kolbrunnin
 brunarúst, kaldur kolamoli á þögulli eilífðarsporbraut
 um ljóslausar leifar sólarinnar. Líka þetta er óumflýjan-
 legt. Fjölræði AB setti þó örlítinn fyrirvara við spána því
 sumt væri enn á huldu um þessi efni, en klykkti síðan út

FRH: Þátturinn sem höfundur vísar hér til sé *Alheimurinn* eftir Carl
 Sagan, sem sýndur var í sjónvarpinu í janúar og febrúar 1982.
 Þýðandi og þulur var Jón O. Edwald (sem höfundur hélt reyndar
 lengi vel að hefðu verið tveir menn, þýðingardúett: Jón og Edwald).

með því að þó væri óumdeilt að dauðateygjur sólarinnar mundu eyða öllu lífi — og satt að segja bara öllu, þar með talið öllum bókasöfnum — á jörðinni. Óumflýjanlegt.

Ég man hvað mig svimaði. Hvernig ég snöggreiddist. Var þetta bara alkunna? Var þetta á allra vitorði? Og hvers vegna þagði fólk um þetta? Og samt héldu allir bara áfram að baka brauð, fara í vinnuna, giftast, skrifa bækur, byggja hús, eignast börn ...

*

„1. Jón bóndi í Skálarhjúki Gíslason, 2. júní 1804, drukknaði. ¶ 2. Sigríður húsfreyja á Fossi Jónsdóttir, 23. desember 1816, varð úti í hríð. ¶ 3. Jón Dagsson, förumaður heimilislaus, 16. maí 1817, varð úti í hríð. ¶ 5. Þórunn, barn á Illugastöðum, Ólafsdóttir, 26. maí, 1832, drukknaði. ¶ 7. Jónas, léttadrengur á Fannlaugarstöðum, Jónasson, 23. desember 1839, varð úti í hríð. ¶ [...] 66. Sigurður, vinnumaður á Selnesi, 1. maí 1908, fyrirfór sér. ¶ 69. Baldvin, vinnumaður í Víkum, Gíslason, 17. desember 1913, drukknaði. ¶ 70. Jón Magnússon Ósmann, ferjumaður við Héraðsvatnaósinn, 24. apríl 1914, drukknaði. Jón drukknaði að vísu í Héraðsvatnaósum vestari, en líkið rak út á Skefilsstöðum á Skaga [og telst þá því með í lista þessum þótt Jón hafi strangt til tekið ekki farist innan sveitarmarka Skefilsstaðahrepps – innskot höf.]“^x

*

^x Sagnir um slýsfarir í Skefilsstaðahreppi á sjó og landi. Bls. 18–21.

Hérna út við gluggann er slatti af ljósprentum (eftirprentunum) af frumútgáfum eldri verka; meðal annars *Fjölur* Jónasar Hallgrímssonar og félaga í tveimur þykkum bindum. En líka frumútgáfur, sumar meira segja settar með gotnesku lettri, sérstaklega á það við um sálmbækur frá 18. og 19. öld. Það er eitthvað hughreystandi við að sjá að íhaldssemi kirkjunnar er ekki einhver nútímanýbreytni.

Langflestar eru bækurnar hins vegar venjulegt þrykk eða offsetprent, sett með fótaletri, þrykkt djúpt í gljúpan pappír svo lesa má letrið með fingurgómunum með lokuð augun: Heildarsafn verka Þorgils Gjallanda, Gunnar Gunnarsson komplett í mjúku nætursvörtu bandi, Laxness-safnið (allt fyrstu útgáfur, hver með sínu lagi og broti) í skínandi rauðu-Úr-Austurvegi-lituðu-band, *Gráskinna I* og *II* (þjóðsagnasafn Sigurðar Nordals og Þórbergs) og svo framvegis; hillumetri fast upp að hillumetra.

Magnið af bókum sem flokkast myndu undir þjóðlegan fróðleik kemur mér á óvart. Þær eru sannast sagna ótrúlega margar þótt ég viti að bækur af þessari tegund hafi verið lygilega stór hluti útgefinna verka langt fram eftir öldinni síðustu, allt fram eftir níunda áratugnum, þótt háflóðið hafi líklega verið upp úr miðri öld.

Í bókum af þessari tegund má finna sögur af furðulegu fólki, merkismönnum og konum, sögur af hrakningum og hörmungum. Oft ægir öllu saman. Sögur af

dulrænni reynslu fá að fljóta með, frásagnir af berdreymi og draugagangi, þjóðháttalýsingar, gátur, ábúendatöl, góðhestatöl og auðvitað hnyttnar vísur. Margt er hér snjallt og óvænt. Til að mynda finnst mér þessi tvö bindi alltaf koma sterkt til greina sem besta titill íslenskrar bókmenntasögu: *Horfnir góðhestar I og II* eftir Ásgeir Jónsson frá Gottorp.

Eftirfarandi klausa kann að líta út eins og útúrdúr en samt finnst mér að hún eigi nú að fylgja: Ásgeir Jónsson og kona hans Ingibjörg Björnsdóttir voru lögð til hinstu hvílu í steypu grafhýsi í heimagrafreit við bæinn þeirra Gottorp, sem nú er reyndar orðið eyðibýli, við vestanvert Hópið. En Ásgeir vildi ekki skilja við sína góðhesta og því var Blesi, hinn frægi hestur Ásgeirs, heygður þar rétt við hliðina, nákvæmlega á þeim stað þar sem hesturinn stóð jafnan og horfði yfir til æskustöðva sinna í Vatnsdalnum.

*

Listi yfir nokkrar bækur sem hvorki finnast í bókasafni föður míns né nokkru öðru bókasafni:

- Aristóteles: *Um skáldskaparlistina, II. hluti: Gamanleikir* (4. öld f.Kr.). Glötuð.
- Saffó frá Lesbos: *Níu bindi, söngljóð fyrir lýruundirleik* (6. öld f.Kr.). Glötuð.
- Óvíð: *Medea*, leikrit. 1. öld e.Kr. Glötuð.

- Hómer: *Margítes*. 8. öld f.Kr. Glötuð.
- Óþekktur höfundur: *Skjöldunga saga*, fornaldarsaga (12. öld). Glötuð.
- Byron lávarður: *Ævisaga mín*. Brennd í London eftir dauða höfundarins, 17. maí 1824. Glötuð.
- Sófókles: 116 leikrit (sjö hafa varðveist). 5. öld f.Kr. Glötuð.
- Óþekktur höfundur: *Breviarium Holense*, fyrsta bók sem prentuð var á Íslandi, í maí 1534. Síðasta eintakið brann með öðrum bókum úr bókasafni Árna Magnússonar, í Kaupmannahöfn árið 1728. Glötuð.
- Walter Benjamin: *Titill óþekktur*, handrit tilbúið til prentunar. Týndist með öðru dóti eftir sjálfsvíg hans, um eða eftir 26. september 1940. Glötuð.
- Óþekktur höfundur: *Gauks saga Trandilssonar*, Íslendingasaga (13.–14. öld). Glötuð.
- Halldór Kiljan Laxness: *Afturelding*, skáldsaga. Brennd í kringum 1915. Glötuð.

*

„Title: Gamlar bækur

Price: FREE

Location: Reykjavík, Iceland

Hellingur af gömlum bókum gefins gegn því að vera sótt. Er ekki með kassa undir þær. Er í Árbæ. Vantar að losna við sem fyrst. Sími: 698[REDACTED]^{xi}

^{xi} Auglýsing á Facebook, í hópnum BÆKUR.

Furðuleg huggun fólgin í því að sjá aðra etja við sama vanda og maður sjálfur.

*

„Ég var lengi haldinn geðveilu sem kallast söfnunar-
árátta. Ég safnaði öllu: Teiknimyndasögum, vegg-
spjöldum, plötum, bókum, hverju sem var. En andar-
takið sem móðir mín dó í örmum mér hætti ég að vera
eignargjarn því þú átt aldrei nokkurn skapaðan hlut
hvort sem er. Jafnvel bækurnar hennar og kjólarnir
— þetta var allt merkingarlaust fyrir mér, þessir hlutir
tengdust henni ekki hót. Ég vildi ekki halda neinu af
þessu eftir.“^{xii}

*

Minnisnóta um þjóðlegan fróðleik #1: Ég get ekki
stíllt mig um að glugga í þessar bækur um þjóðlegan fróð-
leik sem hér eru í metrávis. Það slær mig hvað þær eru
ófrumlegar í frummerkingu þess orðs: Annar hver kafli
er uppritun úr annarri bók, tímariti eða blaði. Stundum
orðrétt haft eftir. Stundum í endursögn. Allt saman
mjög í anda fagurfræðinnar sem höfundur Njálu lagði
grunninn að. Höfundurinn er varla á staðnum. Hann
safnar, setur saman, færir í letur eða býr til prentunar.
Hann er ekki höfundur neins.

^{xii} „Gaspar Noé: Six people walked out ...“ Viðtal, birt í *The Guardian*.

Í sínu eigin bókasafni flokkar höfundur Njálu sín eigin verk örugglega eftir fyrstu stöfunum í titli þeirra, ekki höfundarnafninu.

*


„Þetta er næsta bók!“ stendur handskrifað á fremstu síðunni í einni möppunni í innstu bókahillunni inni í geymslunni. Það er óklárað, eða að minnsta kosti óútgefið, handrit að ljóðabók. Þar við hliðina eru fimm möppur merktar „1. Jóhann, 1919–1934“, „2. Jóhann, 1935–1948“ og svo framvegis. Þar næst er hefti, sem pabbi hefur merkt með kúlupenna: „Viðtal við Jón Oddsson frá Siglunesi, talað inn á segulband 9. ág. 1980: Um Siglufjörð 1918–1919, hákarlaveiðar, snjóflóð og lífið almennt.“

Margt í þessum möppum er skipulagt, flokkað og skýrt, annað ekki: Minnisnótur með einni hugsun, nokkur orð á miða ... svo knappt að það líkist helst einhverju sem ritað er á dulmáli. Þetta hefur þótt mikilvægt þegar það var krotað niður — það leynir sér ekki — en nú er hér enginn lengur sem skilur þetta eða hvers vegna það var skrifað.

Mappan „1. Jóhann: 1919–1935“ geymir ljósrít af bréfum Jóhanns til bróður síns fyrir norðan. Hótelbréfs-efnin sanna að hann fór vítt um heiminn. Grand Hotel Bruxelles, Hotel Terminus Palermo. Mappa númer tvö

er smekkkfull af ljósmyndum af Jóhanni og blaðaúrklippum en þegar ég tek út möppuna „4. Jóhann: 1972–1984“ rennur úr einum plastvasanum ljósmynd af mér sjálfum þar sem ég stend við hlið Jóhanns risa. Hún var tekin í hjólhýsahverfi einhvers staðar í Flórída. Við höfðum verið í fríi á sólarströnd þar á skaganum og pabba fannst upplagt að nýta tækifærið og heilsa uppá Jóhann, ná að setja eitthvað meira á band af samtölum við hann, til að bæta í möppuna. Á einu þreyttist pabbi aldrei, en það var „að viðað að sér efni“. Kannski var það blaðamannseðlið, kannski eitt-hvað annað.

Þetta var nokkurra tíma akstur inn í land frá ströndinni. Ég man að það var skýjað þennan dag. Og ég man líka hvað mér fannst hún eitthvað þung þögnin og staðin þegar við stigum inn í hjólhýsið þar sem Jóhann bjó, aleinn og yfirgefinn. Þessi síðskeggjaði Svarfdælingur hafði ekki búið á Íslandi síðan hann var sendur til Danmerkur sem unglingur til að vinna fyrir sér sem skrípi í sirkusum og á Dyrehavsbakken. Samt fannst mér hann einhver íslenskasti maður sem ég hafði séð. Og illa þótti mér komið fyrir





Johann K. Petursson, Ísland.
Hæsti maður heimsa með þann minnsta.
Tallest man in the world with the smallest dwarf.

Þessum manni sem eitt sinn hafði verið stórt númer í fjölleikahúsum í Ameríku og meira að segja leikið tröll og illmennni í bíómyndum í Hollywood.

Af ljósmyndinni að dæma er ég kannski tíu, ellefu ára. Ég stend en Jóhann situr í sérsmíðuðum hjólastól því Jóhann var auðvitað allt-

of stórgerður fyrir þá sem smíðaðir voru í hjólastólaverksmiðjum. Hann heldur í höndina á mér, næstum því eins og hann sé að leiða mig. Hönd hans er svo mikil að það lítur út eins og þessi renglulegi, strýhærði tíu ára strákur sé einhentur.

Klístruð fast upp við bak þessarar myndar er önnur mynd. Ég fletti þeim í sundur, sú seinni kemur í ljós: Hún er tekin örfáum sekúndum á eftir hinni. Tvö andartök, hlið við hlið, en allt annað andrúmsloft. Ég hef dregið hönd mína úr hans en held hnefanum enn stífum á lofti, eins og hendingin sé enn stjörf af einhverjum ugg. Ég brosi hálf taugaveikluðu brosi, augljóslega mjög létt að vera laus úr þessari krumlu risans. Hann var svo stór

og svo gamall. Mér fannst vera svo rosalega mikið af elli í þessum hjólastól.

*

„Framsögumaður Þorl. Þorláksson talaði fyrst snjalla ræðu um það, hve óhappalegur ósiður það sje að kyssast, og geti haft skaðlegar afleiðingar; og þótt að það væri mikil vorkunn, að t.d. kærustupör ættu bágð með að leggja niður kossana, þá áleit hann af sjálfum sjer að dæma, þá hann var í því ástandi, að hægt væri að fyrirbyggja líka alla slíka leynikossa, með því að fyrirbjóða þá með lögum.“^{xiii}

*

Meðal þess sem ég hef fundið á milli blaðanna í bókum úr safni föður míns:

- Kvittun fyrir ritvélaborða úr Pennanum, dagsett 12. ágúst 1987.
- Ljósmynd af ömmu og afa í faðmlögum, mjög óskýr (úr fókus).
- Bláklukka. (Þurrkuð. Molnaði í hárfínan sand milli fingra mér þegar ég kom við hana.)
- Önnur ljósmynd af ömmu að spila á gítar úti á tröppum, í sól, um vetur.

^{xiii} Ráð við þögninni – Ræðuklúbbur Sauðárkróks 1894–1902. Bls. 48.

- Happprættismiði, merktur: „Bréfdúfuhappprætti“.
- Blaðaúrklippa um Reykjavíkurfærð Karla kórsins Vísis frá Siglufirði í júní 1944. Afi minn var í kórnum.
- Tölvuprent af gamalli mynd af fánastönginni fyrir sunnan hús afa og ömmu sem afi heflaði til að geta flaggað í fyrsta sinn að morgni 17. júní 1944.
- Tannstöngull. (Notaður?)

Gamlar bækur geyma fleira en orð. Í eðli sínu eru þær ekki svo ólíkar kössum, eins og þeim sem ég er reyna að stafla þeim í.

*

Snemmvors árið áður en pabbi dó fór ég til New York að vinna að verkefni með bróður mínum sem þar bjó með sínu fólki. Vinnan var svo sem alveg raunveruleg en kannski var meginástæða ferðarinnar sú að við bræður vildum bera saman bækur okkar um málin heima. Ég tók þéttskipaða L-lestina frá Williamsburg inn á Manhattan á hverjum morgni. Meira en annar hver maður las í misþvældum kiljubókum á meðan lestin skrölti eftir myrkvuðum göngunum undir hálf-saltri Austuránni.

Fyrr í vetur var ég aftur staddur í New York og þurfti aftur að taka L-lestina, einmitt líka í morgunsárið frá Brooklyn inn á eyju. Nú, tíu árum síðar, sá ég einn mann lesa í bók. Sá var um tvítugt, og í nördalegri kantinum.

Það verður að viðurkennast. Þetta var kilja í frekar stóru broti sem hann fletti, með einkar groddalega hannaðri kápu; titlinum var klesst með feitri steinskrift yfir alla framhliðina, svo það reyndist útilokað annað en að lesa hann, þótt ég sæti alllangt frá manninum: *Don't Make Me Think, Revisited: A Common Sense Approach to Web Usability*.

„Hér vantar tilfinnanlega dósahlátur,“ hugsaði ég.

Ég steig út úr lestinni við Union Square og gekk í norður að fertugasta stræti. Yfir dyrunum að lessal aðal-útibús borgarbókasafns New York-borgar, við Bryant Park, tóku á móti mér þessi orð, sem letruð eru gylltu lettri á aldargamlan harðviðinn:

„Góð bók er hið dýra lífsmagn mikils anda, smurt, varðveitt og verndað með þá ætlun að lifa handan lífsins.“^{xiv}

*

Nú er ég búinn að eyða þremur löngum eftirmiðdögum í að gramsa í hillunum í bókaherberginu og byrjaður að raða þeim í bunka á gólfinu. Allavega byrjaður að hugsa um að gera úr þeim bunka. Veit samt ekki alveg hvaða flokka ég ætti að notast við: geyma, selja, henda ... Ég snýst satt að segja aðeins í hringi.

^{xiv} *Areopagitica*. Þriðja málsgrein.

Mig rekur úr einum rekka í annan. Bíð eftir hugljómun.
Hvernig í andskotanum á að gera þetta?

*

„[...] bókaflaumur, bókaflóð, bókaþjóf, bókaþrúskari,
bókaþrent, bókaþista, bókaþán, bókaþostur, bókaþull,
bókaþjóð, bókaþútgáfa, bókaþindi, bókaþindari, bókaþ-
mennt, bókaþeimur, bókaþálsblær, bókaþálsorð, bókaþ-
vanur, bókaþlaða og bókaþvitrangur, bókaþaður [...]“^{xv}

„Bókamaður,“ segirðu. Og samt geyma bækur ekki
fólk. Þessi bók hér, til að mynda, hvorki mig né föður
minn.

*

Um vorið 1981, nokkrum dögum eftir að ég upp-
götvaði að dagar jarðarinnar væru taldir eftir lestur
Sólarinnar, vorum við pabbi að keyra eftir hversdagsleg-
ustu götu Reykjavíkur, Grensásveginum. Ég var eitthvað
þögull og dauður í dálkinn svo pabbi spyr mig hvað sé að.

– Viltu ekki segja mér frá því? Hver veit nema það
megi breyta eða laga það sem er að anga þig. Kannski
hjálpur það?

Ég horfði út um gluggann, svaraði, svipbrigðalaus:

^{xv} *Bækur og bókamenn*. Bls. 127

– Það getur enginn hjálpað með þetta, pabbi. Það sem angrar mig, því fær enginn breytt. Það er óumflýjanlegt. Það hefur því ekkert uppá sig að ræða það frekar.

Ég hef verið eitt stykki óþolandi barn.

Við pabbi hefðum kannski ekki verið nokkru bættari þótt við hefðum átt eitthvert spjall um óumflýjanlega kulnun sólar þarna á Grensásveginum. Líklega hefði það litlu breytt, allavega engu um kulnun sólar. Ég finn það skýrt núna þegar ég sé fram á að þurfa að eyða stórum hluta bókasafns föður míns (og *Sólinni* líklega þar á meðal) að ég hef í rauninni aldrei fyllilega sæst við þessa staðreynd. Ég var frekar þögull krakki, sem varð síðan að innhverfum unglingi, alvarlegum ungum manni. Einn daginn, án þess að ég tæki sérstaklega eftir því, var ég hins vegar orðinn of upptekinn við að byggja hús, giftast, skrifa bækur og eignast börn til að geta einbeitt mér nægjanlega að staðreyndinni um óumflýjanleika kulnunar sólarinnar.



BRÉFDÚFUHAPPDRAETTI

GAÐALVINNINGUR: Skosk bréfdúfa sem flaug til Íslands eftir hafvillur í keppni í Skotlandi og náðist í Vestmannaeyjum.

Aukavinningar allt að tíu bréfdúfuungar.
Einn ungi í vinning á hverja 50 selda miða.

Upplýsingar í síma (91)76275 og (91)32126.
Verð kr. 20,00.

Uppleg 500.

Dreglið 14. ágúst kl. 16.00.

Nr. 243

Samt sem áður er ég í rauninni, öðrum þræði, enn jafn hissa og rasandi yfir þessari staðreynd; yfir því að þetta sé ekki fyrsta frétt í öllum fréttatímum, að fólk haldi áfram að byggja hús, giftast, skrifa bækur, eignast börn ... eins og ekkert sé sjálfsagðara.

Eftir á að hyggja vildi ég samt að ég hefði svarað þabba öðruvísi þennan dag þarna í brúna Volvónum á Grensásveginum. Ég veit svo sem ekki hvað hann hefði átt að segja ef ég hefði dembt yfir hann staðreyndaromsunni úr *Sólinni*.

Líklega hefði hann svarað eins og ég myndi þurfa að gera ef börnin mín bæru þetta upp við mig:

– Eru ekki rúmir fjórir milljarðar ára í þetta? Það er nú kannski ekki tímabært að hafa áhyggjur af þessu alveg strax, elsku kallinn minn. Eigum við ekki bara að spá í þetta á morgun?

Átta ára-ég hefði þá líklega svarað að bragði:

– Tæpir, pabbi. Það eru tæpir fjórir milljarðar ára.

*

„B. Bergvinsson lagði þá spurningu fyrir klúbbinn, hvað staðið hefði í veginum fyrir útgáfu blaðs á Sauðárkrók? Erl. Pálsson skýrði frá því að það hefði staðið í veginum að prentsmiðjuna hefði vantað.“^{xvi}

*

Minnisnóta um þjóðlegan fróðleik #2: Í bókum þessarar tegundar eru sjaldan aðalpersónur. Bækurnar eru hins vegar fullar af aukapersónum. Hetjur eru að sama skapi fáséðar. Hreppstjórum, prestum og mektarönnum bregður vissulega fyrir en það er næstum því regla að þeir eru fleiri og lengri kaflarnir um „ómerki-legt fólk“: venjulegt sveitafólk, furðufugla, flakkara og aumingja auðvitað. Aftast í bókinni finnur lesandinn alltaf nákvæma nafnaskrá. Allir eru nafngreindir og ættsettir, allir fá um sig að lágmarki nokkrar línur.

*

„Gott kvöld, læknir, bágar aðstæður hér.“

„Hvað er að?“ spyr læknirinn.

„Ma, húsbóndinn, ma, hann er veikur, fársjúkur. Viltu ekki líta á hann?“

^{xvi} Ráð við þögninni – Ræðuklúbbur Sauðárkróks 1894–1902. Bls. 90.

Og Kaldalóns skreppur inn til Sigurðar í Norskubúð.
„Hérna liggur nú húsbóndinn,“ sagði Sigurður og
benti.
Það var kötturinn.
Þessa sögu sagði mér Vigfús. Svona sögur segja ekki
nema Íslendingar. Svona sögu myndi enginn færa í
letur nema Íslendingar.“^{xvii}

*

Kannski eru þetta bestu sögurnar, þessar sem eru
eins og örvarskot út í loftið um tungllausa nótt. Líkurnar
á því að hitta eitthvað: afar litlar. Í þokkabót er ekki
víst að maður frétti af því ef svo færi á annað borð að
skotfærið fyndi sér mark því það er svo mikið myrkur.
Stundum finnst mér að einu bækurnar sem vert er að
lesa — og hvað þá vert að skrifa — séu þær sem enginn
veit í raun um hvað eru né til hvers. Þannig finnast mér
þessar bækur vera sem eru fullar af þjóðlegum fróðleik.

Bækur — eða svo sem hvaða önnur listaverk — þar
sem bæði höfundur og lesandi vita upp á hár um hvað
fjalla og hvað þær vilja segja, þar sem þessi skýra hug-
mynd er síðan leidd fram skipulega og markvisst, þær
gera mig venjulega syfjaðan, stundum jafnvel þreyttan.

^{xvii} Úr bók sem ég er búinn að týna. Ég skrifaði þetta upp úr einhverri
skruddunni en óreiðan á bókasafni föður míns er orðin slík að nú
finn ég þetta ekki aftur. Grunar að þetta sé úr *Breiðfirzsum sögn-
um*, en get ekki svarið fyrir það.



*

Minnismiði til RHÓ í framtíðinni: Mikilvægt! Ef þú ætlar að losa þig við bækur er mikilvægt að opna þær ekki og fyrir alla muni: Ekki byrja að grúska í þeim, alls ekki lesa.

Ég segi mér að það sé samt of seint að vinna eftir þessari reglu í þetta skiptið en næst — næst þegar ég þarf að ráðstafa bókasafni, þá mun ég passa mig á því frá byrjun að glugga ekki í bækurnar; fylgja reglunni. Einungis með því móti getur sá sem við slíkt starfar haldið nauðsynlegri tilfinningalegri fjarlægð á viðfangsefnið.

*

„Tíminn einn leiðir í ljós hversu langt þetta sendibréf til þín verður.“^{xviii}

^{xviii} Ólafur Ragnarsson: *Bréf til Unu*. Ónúmeraðar síður.